

Vesturtindar ehf  
Kt. 420606-0440  
Hlíðarvegi 15  
415 Bolungarvík

## Reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði fyrir vefinn Víkari.is

1. Ritstjórnarstefna Víkari.is er að flytja fréttir sem snerta byggðarlagið Bolungarvík með einum eða öðrum hætti.
2. Fréttaritarar Víkari.is skulu reyna eftir fremsta megni að fylgja ritstjórnarstefnu Víkari.is í skrifum sínum fyrir vefinn.
3. Fréttaritarar Víkari.is hafa frelsi til að fjalla um öll mál sem snerta byggðarlagið Bolungarvík með einum eða öðrum hætti.
4. Eigendur Víkari.is mega ekki hafa afskipti af fréttaritum Víkari.is vegna skrifa þeirra fyrir vefin eða reyna að hafa áhrif á efnistök fréttaritara Víkari.is.
5. Fréttaritarar Víkari.is geta verið áminntir vegna starfa sinna ef viðkomandi með skrifum sínum hvetur til refsiverðrar háttsemi eða kyndir undir hatri á grundvelli kynþáttar, kynferðis, kynhneigðar, trúarskoðana, þjóðernis, skoðana eða menningarlegrar, efnahagslegrar, félagslegrar eða annarrar stöðu í samfélagini. Alvarleg eða ítrekuð brot geta leitt til uppsagnar fréttaritara.
6. Reglur þessar skulu endurskoðaðar árlega og sendar fjölmíðlanefnd til staðfestingar.

Samþykkt í Bolungarvík 15. janúar 2013

Baldur Smári Einarsson

Baldur Smári Einarsson

Ábyrgðarmaður Víkari.is